UMSÓKN UM ÚTGREIÐSLU ÚR SÉREIGNARDEILD

allt að 6.250.000,- kr. (skv. breytingu á lögum nr. 129/1997)

Nafn	Kennitala
Heimili	Sími
Sveitarfélag	Netfang

Bankareikningur

Bankanúmer	Höfuðbók	Reikningsnúmer
Nafn banka		

Greiðslutilhögun (sjá reglur á bakhlið)

Sótt er um kr. _____ (hámark 6.250.000)

Greiðist út á _____ mánuðum (hámark 416.667 á mánuði)

Hefur umsækjandi sótt um útgreiðslu áður? ☐ Já ☐ Nei

Á umsækjandi séreignarsparnað hjá öðrum sjóðum? ☐ Já ☐ Nei

Ef svarið er já í hvaða sjóðum? _____

Skattþrep / Skattkort

_____ ☐ Skattþrep 1 (samtals skattskyldar tekjur upp að 241.476 kr.)

_____ ☐ Skattþrep 2 (samtals skattskyldar tekjur frá 241.476 til 739.509 kr.)

_____ ☐ Skattþrep 3 (samtals skattskyldar tekjur yfir 739.509 kr.)

Vinsamlega samþykkið með upphafsstöfum val á skattþrepi (á línuna framan við kassann).

Athugið að tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launatekjur væri að ræða.
Það er á ábyrgð umsækjanda að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi greiðslur úr sjóðnum eiga að vera.

Til þess að frádráttur frá tekjuskatti fáist þarf að skila inn skattkorti til sjóðsins.

Leggur umsækjandi inn skattkort með umsókninni? ☐ Já % _____

☐ Nei

Dagsetning	Undirskrift umsækjanda

Ath. Lífeyrir er greiddur síðasta virka dag í mánuði / eftirá.
Sækja þarf um fyrir 20. dag mánaðar til að fá greitt út næstu mánaðarmót á eftir.

Útfyllist af Gildi-lífeyrissjóði

Heildargreiðsla	Afgreiðslumánuður
Sjóður	
Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis	

SKILMÁLAR UM TÍMABUNDNA ÚTGREIÐSLU VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐAR

Útgreiðslan er framkvæmd á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Heimilt er á tímabilinu 1. janúar 2013 til 1. janúar 2014, að sækja um útborgun innistæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem nemur samanlagt allt að kr. 6.250.000 óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Heimildin miðast við stöðu viðkomandi þann 1. janúar 2013. Við ákörðun fjárhæðar til útborgunar skal draga frá fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2013.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar, skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því. Greiðslur geta ekki hafist fyrr en heimild hefur fengist frá ríkisskattstjóra (RSK) og mun Gildi óska eftir þeirri heimild.

Fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í allt að 15 mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Full mánaðarleg útgreiðsla nemur kr. 416.667 fyrir skatt. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en kr.6.250.000 er að ræða.

Greiðslur eru lagðar inn á reikning síðasta virka dag hvers mánaðar. Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar.
Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði.

Athugið að tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launatekjur væri að ræða.
Það er á ábyrgð umsækjanda að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi greiðslur úr sjóðnum eiga að vera.